

Bæjarstjórn Garðabæjar
B/t Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	01.09.2015
Málalykill	20.10.1
Mál nr.	1509013

Reykjavík 31. ágúst 2015

Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2016.


Með bréfi þessu fara Neytendasamtökin þess á leit við bæjarstjórn Garðabæjar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtökin hafa í meira en 60 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsmenn eru um 8.000 og standa þeir að mestu undir rekstri starfseminnar með félagsgjöldum sínum. Neytendasamtökin reka leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu fyrir neytendur og leigjendur. Neytendasamtökin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hinsvegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að stórum hluta til í þetta verkefni. Í sumum nágrannalanda okkar sinna sveitarfélög slíkri þjónustu og því er ekki óeðlilegt að sveitarfélög hér á landi taki þátt í að greiða að hluta fyrir þessa þjónustu.

Margir virðast halda að Neytendasamtökin séu opinber stofnun og ætlast til margs af þeim. En á meðan krafan um öflug neytendasamtök er hávær fer minna fyrir áhuganum á að styðja við samtökin þannig að þau geti orðið enn öflugri.

Neytendasamtökin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Garðabæjar vegna þeirra þátta í starfsemi sinni sem teljast samfélagsleg verkefni. Miðað er við 5 krónu framlag á hvern íbúa miðað við íbúatölu eins og hún er hjá Hagstofunni. **Því sækja Neytendasamtökin um styrk hjá bæjarstjórn Garðabæjar að upphæð 72.265 kr. vegna starfsársins 2016.**

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna



Jóhannes Gunnarsson formaður